

# Þingsályktun

## um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu.

Alþingi ályktar að eftirfarandi siðferðileg gildi skuli höfð að leiðarljósi við forgangsröðun í íslenskri heilbrigðisþjónustu með það að markmiði að sátt ríki um samræmda og gagnsæja forgangsröðun:

- Mannhelgi.
- Þörf og samstaða.
- Hagkvæmni og skilvirkni.

### 1. Mannhelgi.

Mannhelgi verði höfð að leiðarljósi sem grundvallargildi við forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu.

### 2. Þörf og samstaða.

Almenn sátt ríki um að þeir sem eru í brýnustu þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma skuli ganga fyrir. Þá verði mikilvægt að gæta að rétti þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu, af hvaða ástæðu sem er, og geta því ekki sjálfir leitað réttar síns eða varið hann.

Við mat á þörf skuli horft til þarfa notandans en einnig til þarfa samfélagsins í heild, þ.m.t. heilsueflingar og aukins aðgengis að upplýsingum og öðru sem styður fólk til að huga betur að heilsunni. Þar af leiðandi verði jafnframt lögð áhersla á heilsulæsi og forvarnir.

Samstaða ríki um heilbrigðisþjónustu fyrir alla, fjármagnaða úr sameiginlegum sjóðum, sem þjóni öllum borgurum samfélagsins.

### 3. Hagkvæmni og skilvirkni.

Heilbrigðisþjónusta verði markviss, árangursrík og eins hagkvæm og nokkur kostur er.

### 4. Siðferðileg gildi í framkvæmd.

Mannhelgi verði grundvallargildi sem gangi framur öðrum gildum, þá komi þörf og samstaða og loks hagkvæmni og skilvirkni.

Gildin skuli höfð að leiðarljósi á öllum stigum í heilbrigðiskerfinu og verði þannig leiðarvísir við ákvarðanatöku stjórnvalda, stjórnenda í heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsfólks í daglegri umönnun sjúklinga.

Þessi siðferðilegu gildi útiloki að önnur gildi verði notuð við forgangsröðun eða skipi þeim skör lægra.

Í ljósi mannhelgi fái allir þá þjónustu sem búast má við að verði þeim að gagni. Mat á heildarþörfum sjúklings og gagnsemi hugsanlegrar meðferðar liggi ávallt til grundvallar við ákvarðanir, óháð aldri, efnahag, þjóðfélagsstöðu eða notagildi fyrir samfélagið. Þá megi tilviljunin ein ekki ráða forgangsröðun ef framboð á þjónustu er takmarkað.

Ákvarðanir í heilbrigðisþjónustu skuli teknar með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi. Þær ákvarðanir mótist af virðingu við mannhelgi notenda.

Eftirspurn ein og sér skuli almennt ekki stýra forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu heldur mat á raunverulegri þörf sem metin er eftir alvarleika og umfangi hvers vanda. Slíkt mat fari fram á grundvelli virðingar fyrir mannhelgi og sérstaklega verði hugað að réttindum einstaklinga í viðkvæmri stöðu.

### **5. Hugsað til framtíðar.**

Til að tryggja að siðferðileg gildi sem hér er kveðið á um liggi til grundvallar við forgangsröðun í íslenskri heilbrigðisþjónustu og að sátt ríki um samræmda og gagnsæja forgangsröðun skuli tryggt að:

1. heilbrigðisstofnanir sjái til þess að heilbrigðisstarfsmenn fái fræðslu og tíma til að til-einka sér siðferðileg gildi,
2. skipulögð umræða eigi sér stað í öllum heilbrigðisstofnunum landsins um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu,
3. hver heilbrigðisstofnun setji á fót umræðuvettvang í þeim tilgangi að útfæra frekar siðferðileg gildi við forgangsröðun í stofnuninni,
4. stjórnvöld taki mið af gildunum við áætlanagerð og stefnumótun,
5. ráðherra skipi starfshóp sem undirbúi stofnun þverfaglegrar og ráðgefandi siðanefndar um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu,
6. hugað verði sérstaklega að fræðslu um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu í öllum greinum heilbrigðisvísinda.

---

*Samþykkt á Alþingi 9. júní 2020.*